

Aðalfundur Félags heyrnarlausra 20. maí 2021, haldinn í húsnæði Félags heyrnarlausra, Þverholti 14, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins samkvæmt lögum Félags heyrnarlausra er eftirfarandi:

Hefðbundin aðalfundarstörf

a. **Formaður félagsins setur fundinn**

Formaður félagsins, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir setur fundinn kl. 17:02. Hér fá allir tækifæri til að tjá sig og koma með tillögur, segja sínar skoðanir svo að Félagið haldi áfram að dafna.

b. **Kosning fundarstjóra**

Heiðdís býður fólki að kjósa Hjördísi Önnu Haraldsdóttur sem fundarstjóra og er hún kosin með miklum meirihluta. Enginn á móti. (HAH): Ég hlakka til að vinna með ykkur á fundinum sem á að loka þessu leiðinlega ári 2020. Miðakerfið útskýrt og að fundinum sé streymt en þeir sem vilji ekki vera í mynd geti beðið um það. Stjórnin hefur lagt fram tillögu að fundarritara.

c. **Kosning ritara**

(HAH): Kosning ritara, Árnýjar Guðmundsdóttur er með yfirgnæfandi meirihluta.

Næst á dagskrá er gjaldkerinn og minnt á sóttvarnir og að löglega hafi verið boðað til fundarins.

d. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta almanaksár lagðir fram til samþykktar

(Jón Rafnar frá Deloitte): ársreikningarnir eru endurskoðaðir og undirritaðir.

- Búinn að funda með stjórn sem hefur samþykkt og skrifað undir reikninga – engar athugasemdir.
- Vakin er athygli á öllum reikningum að COVID hefur haft áhrif á öll fyrirtæki í landinu, sums staðar mikið neikvæð. Hér hefur verið dregið úr launakostnaði.
- Rekstrarkostnaður lækkar mikið á milli ára
- Hagnaður eru tæpar 7 milljónir árið 2020 – en tap upp á 6,2 milljónir árið 2019 – mikill viðsnúningur í rekstri
- Spurningar?

(HAH): kærar þakkar fyrir útskýringar, ef eitthvað er óljóst má spyrja núna – eru einhverjar spurningar til Jóns Rafnars vegna endurskoðaðra reikninga? Ragna Magnúsdóttir:

(RGM): finnst símakostnaður hár á tímum COVID, vill fá aðgang að reikningum fyrir fundinn og veltir fyrir sér peningum vegna sölu sumarbústaðar, rætt frekar í öðrum málum.

(DH): símakostnaður ekki óeðlilegur.

(HDE): varðandi Skorrasel sem var selt 2008, haldinn var fundur og vegna ástands bústaðsins sem þurfti að gera mikið við og hann var lítið notaður. Tillagan var að selja og þeir sem voru mættir voru samþykktir því. Reikningar eru aðgengilegir á heimasíðu.

(HAH): Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

Takk Jón Rafnar fyrir komuna.

e. Formaður les skýrslu stjórnar frá tímabili síðasta aðalfundar

(HAH): Formanni boðið að fara yfir skýrslu stjórnar sem sýnd er á skjá en skýrslan er í þremur hlutum.

f. Umræður um skýrslu stjórnar

(HAH): Ég þakka formanninum fyrir skýrsluna sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins, einhverjar athugasemdir eða spurningar varðandi skýrsluna?

(JGH): spyr um rétt til túlkunar í atvinnulífinu?

(HDE): Takk, réttur döff til túlkunar í atvinnulífi á Íslandi í dag er ekki til staðar. Engin lög, reglugerðir – ekkert. Við erum á byrjunarstigi. Við eigum rétt á að njóta lífs til jafns við aðra, en það eru engin lög. Það er bannað að mismuna á grundvelli tungumáls og við erum að vinna í kærumálum á þessu sviði.

(HAH): varðandi það, ef þið lendið í einhverju, látið okkur vita svo við getum nýtt það í baráttunni til að fá réttindi. Fleiri spurningar varðandi skýrsluna? Þá segi ég skýrsluna lagða fram.

g. Bornar upp tillögur er fyrir fundinn hafa verið lagðar.

Engar tillögur hafa borist.

h. Kosning formanns og tveggja annarra aðalstjórnarmanna.

Þá er það H liður – kosningar. Kjörstjórn voru tveir aðilar, Júlía (JGH) og Mordekai (ME) – nú víkur fundarstjóri og þau taka við.

(JGH): já, við erum í kjörstjórn í fyrsta skipti og þurftum smá leiðbeiningar. En við sáum um framboð til formanns og tillögur til lagabreytingar.

Engin framboð bárust á móti Heiðdísi sem formaður. Meðstjórnendur eru í framboði Eyrún og Uldis, Mordekai bíður sig líka fram. Nú kynna sig allir einn og einn í einu, svo kjósum við.

(ME): ef ég verð kosinn dreg ég mig í hlé frá kjörstjórn.

(HDE): takk fyrir traustið, ég elska og brenn fyrir baráttuna og lobbýismann við að koma okkur málum áleiðis auk samstarfs við lögfræðinginn okkar. Takk takk.

(JGH): Nú á einn að koma og kynna sig.

(EÓ): í stuttu máli. Ég hef setið í stjórn í tvö ár og mig langar að halda áfram að styðja döff félagið. Já, ég vil gjarnan vera áfram, hef lítið annað að segja um það.

(ME): ég vil fara í stjórn því ég vil hafa áhrif á baráttuna.

(UO): hæ, ég heiti Uldis eins og þið vitið. Mig langar að vinna áfram með stjórninni, ég brenn fyrir þessi störf og baráttuna, hef gaman að því að fylgjast með.

(JGH): ég vil gjarnan fá aðstoð við að dreifa kjörseðlum, Ragna býður sig fram. Það á að merkja við tvo, miðinn er ógildur ef merk er við einn eða þrjá.

Fjöldi þeirra sem eru mættir á fundinn er: 32

Eyrún: IIIII IIIII IIIII IIIII IIIII III=28

Mordekai: IIIII IIIII III=13

Uldis: IIIII IIIII IIIII IIIII III=23

Ógild:

Til hamingju Eyrún og Uldis, réttkosin

(HAH): takk Júlía fyrir að stjórna kosningunni.

Næst er það lagabreytingatillögur – það eru tillögur að einni lagabreytingu. Ég ætla biðja um að hún sé kynnt.

Júlía og Mordekai stjórna þessum kosningum líka.

i. Tillögur til lagabreytinga ef fyrir liggja

(JGH): Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Magnús Sverrisson sendu inn lagabreytingatillögu en þær þurfa að berast fyrir aðalfund eins og framboðin.

Tillögunni varpað upp á tjald en hvorugt þeirra mætt til að gera grein fyrir henni.

(HAH): við getum ekki kynnt tillöguna á ÍTM því við gætum verið að misskilja það sem þau meina, því er þetta birt á íslensku. Nú geta allir lesið sjálfir – viltu stækka letrið Daði.

Allir búnir að lesa?

(JGH): Ragna með spurningu

(RGM): ég er sammála því að þau hefðu átt að koma sjálf. Nú hefur sami formaður setið í 10 ár og þau meina að þá verði litlar breytingar, en það býður sig enginn annar fram.

(HAH): ég held það sé best að allir lesi, stjórnin svarar, svo er hægt að kjósa um tillöguna. Ég skrái niður þá sem vilja tjá sig.

(HDE): Ég svara fyrir hönd stjórnar, við höfum lesið yfir tillöguna og fengum lögfræðing til að svara hvaða áhrif svona breyting hefði. Í stuttu máli – lög félagsins í dag eru skýr. Þeir sem vilja bjóða sig fram eiga að gera það með 2 vikna fyrirvara – öllum er frjálst að bjóða sig fram í öll embætti stjórnar. Aðalfundur sér um að kjósa hverjir komast í stjórn sem formaður, varaformaður og aðamenn. Lögin tryggja að það geti verið formannskipti.

Í textanum segir að félagið hafi dalað undanfarin ár. Mér finnst leiðinleg að sjá ekki þá sem leggja þetta til – við getum ekki átt í samræðum við þau, við vitum ekki hvað þau meina. Við höfum séð skýrslu stjórnar. Ég vil minna á að ríkisstjórnin féll vegna hrunsins 2008 – það hafa verið

miklar breytingar á ríkisstjórn og ráðherrum sem hefur lengt vinnslu allra mála og haft áhrif á okkur. Þegar ráðherrar sitja lengi er meiri vinnufriður fyrir okkur og marga annara að þurfa ekki endalaust að fara á byrjunarreit í öllum viðræðum. Þetta tekur allt lengri tíma þegar mikil mannaskipti eru. Þið hafið valdið til að bjóða ykkur fram og kjósa. Stjórnin styður ekki þessa breytingatillögu, við treystum því að nógildandi lög séu nægilega skýr og þessi breyting væri ekki til batnaðar.

(HAH): Jan, vill tjá sig, gjörðu svo vel

(JF): Mér finnst félagið ekki hafa dalað. Fjármálin eru góð. Það er gott að hafa samfellu, við erum fáir og enginn býður sig fram. Heiðís hefur unnið vel og það er ekki létt að vera í þessu starfi. Hún er þekkt og því er auðvelt fyrir alla að hafa samband við hana. Ég er samt hræddur núna um að börnunum er að fækka hjá okkur, við þurfum að hugsa vel um þessi fáu börn sem eru hér – bjóða þeim upp á starf og vera fyrirmyndir fyrir þau. Fá líka kuðungsígræðslubörninn inn, halda táknmálinu á lífi.

Takk Jan.

(HAH):

- Við kjósum hvort tillaga Möggu og Magnúsar fái stuðning eða sé felld.
- Kosningin er bara um hvort við styðjum tillöguna.

Grænn er stuðningur, rauðir fella – lyfta á sama tíma, rautt eða grænt.

26 rauðir og hér eru 32 mættir. Kosningunni er lokið. Tillagan er því felld.

(HAH): takk Júlía og Mordekai fyrir ykkar vinnu.

j. Ákvörðun félagsgjalds

(HAH): Næst ræðum við um árgjaldið, á ég að leggja tillöguna fram eða hvað? Tillögu um félagsgjöld varpað fram, óbreytt kr. 4.000 á ári. Er tillagan samþykkt? Já. Takk fyrir.

k. Önnur mál

Þá eru það önnur mál

Ég skrái niður þá sem vilja tjá sig – réttið upp hönd. Áður en ég opna vil ég bjóða formann á sviðið.

(HDE): kæru félagsmenn, eins og Þið vitið þá lést Hervör okkar nýverið Hervör vann gríðarmikið starf fyrir félagið og við eigum henni margt að þakka í gegnum árin. Hún var jörðuð nýlega og mig langar að biðja alla að standa upp og minnst hennar í þögn.

Takk

(HAH): Mælendaskrá er opin, látið vita ef á að bóka punktinn ykkar í fundargerð.

(JGH): Hér í félaginu er ýmis þjónusta í boði, en við þurfum þjónustu fyrir börnin, líka börn með kuðung. Við þurfum unga heyrnarskerta fólkið með okkur, t.d. Kristinn og fleiri til að gera skemmtilega dagskrá fyrir unga fólkið. Auglýsa í blöðum til að fá fólk inn, fá börn í íþróttir sem gætu tekið þátt í erlendum íþróttamótum fyrir döff, líka börn með kuðung. Við þurfum að stækka hópinn okkar. Dagur döff er kynning, við þurfum að kynna ÍTM – segja að það sé gott að vera tvítyngdur, nota íslensku og ÍTM. Þetta má bóka. Vil gjarnan svar.

(JF); Júlía talaði um að auglýsa eftir börnum – hvar eru börnin – á SHH er táknmálsskóli í samstarfi við skólann en ekki hér. Er Grýla búin að taka öll döff börnin okkar? Fæðast engin börn eða hvar eru þau? Við þurfum samstarf við Heyrna- og talmeinastöð. Þar eru fordómar og ekki virðing fyrir döff.

(BI): mér finnst HTÍ styðja Kuðungsígræðslu mjög mikið – HTÍ ætti að vera tvískipt, hafa talþjálfun annars vegar og aðstoð við heyrnarskerta hins vegar.

(HAH) – hér eru heitar umræður sem byrjuðu í börnum og fór í HTÍ. Nú fáum við svör frá formanni og höldum svo áfram.

(SVJ): ég er ánægð með umræðuna um börnin því ég á börn. Þegar eldri sonur minn fæddist sá ég hvað málin voru flókin, félagið, Sólborg og fleiri vinna vel og eins og þau geta. Foreldrar reyna að hittast og við höfum reynt að bjóða börnunum hingað, en kerfið vinnur ekki beint með okkur. Ég fæ ekki upplýsingar úr kerfinu, ég sem móðir sé að kerfið gæti unnið betur með okkur svo við getum gert meira fyrir börnin.

(HAH): takk – spennandi umræður. Allir þyrstir eftir því að eiga í samskiptum eftir COVID.

(HDE): – takk –Nú er í lögum FH að 18 ára og eldri geti verið félagsmenn – en döff börn geta verið skráð í gegnum foreldra sína. Hér sé ég á umræðunni að það þarf að gera meira fyrir börnin og við þurfum að taka þann bolta – hvar eru tækifærin, hvað getum við gert?

(HAH) Júlía hóf þessa umræðu og nú er henni lokið. Ragna kemur með nýja umræðu

(RGM): Bóka að í þriðja sinn á þremur árum spyr ég – hvar er döff sjóður sem við getum sótt í. Núverandi stjórn ákvað að fella sjóðinn niður sem félagsmenn gætu sótt í til að fara í ferðir og taka átt í einhverju með öðrum döff á alþjóðavettvangi. Setja þann sjóð aftur á laggirnar.

(HDE): varðandi Döff sjóðinn eða styrktarsjóð, árið 2012 þegar við fluttum hingað var settur á laggirnar sjóður sem átti að styrkja ferðir. Það var þriggja ára verkefni svo árið 2015 var þetta tekið upp aftur og ákveðið að hætta með hann. Allir félagsmenn geta lagt fram tillögur tveim vikum fyrir fund sem aðalfundur tekur afstöðu til. Ég legg því til að ef félagsmenn hafa einhverjar tillögur að senda þær inn fyrir aðalfund.

(RGM): ég hef aldrei fengið svör, fyrr en núna. Varðandi döff sjóð, þá þarf ég að senda tillögur sem ég kann ekki að gera fyrir næsta fund.

(BI): Ekki mæta á aðalfund og kvarta. Hafðu samband fyrir fundinn til að ræða málin og þá getur þú sent inn tillögu.

(AÆ): ég vil bara hrósa starfsfólki félagsins fyrir aðstoðina þegar ég missti vinnuna, ég fékk mikla aðstoð og þið komuð með mér á fundi þegar ég hætti – þið standið með öllum félagsmönnum. Takk fyrir að hjálpa mér.

(RGM): frábært að þú fékkst hjálp þegar þú misstir vinnuna ég fékk enga hjálp hér þegar ég var rekin frá NEXT. Gott þú færð aðstoð.

(ME): varðandi félagði, mér finnst þegar ég lenti í vandræðum fékk ég aðstoð frá stéttarfélaginu, ég lenti í fordómum og mér finnst að félagið ætti kannski að vera með meiri aðstoð fyrir döff í vinnu. Mér finnst líka vanta meira krydd á heimasíðu döff félagsins. Mér fannst líka erfitt að lesa ársreikningana – er hægt að birta þá með öðrum og auðlesnari hætti (Bóka).

(SJ): hæ félagsmenn, ég vil leggja til að við kaupum aftur sumarbústað með heitum potti!!!

(HAH): takk Svava, allir glaðir með þetta. Hér þyrstir alla í samskipti eftir COVID vetur, augljóslega. Við þurfum að krydda heimasíðuna. Mitt hlutverk sem fundarstjóra er búið, formaður tekur við.

(HDE): kærur félagmenn, takk fyrir að gefa ykkur tíma til að koma, takk fundarritari, takk fundarstjóri og takk þið öll fyrir að koma og fylgjast með. Þetta voru heitar og skemmtilegar umræður, hollar og góðar. Haldið áfram að ræða og komið athugasemdum til okkar í stjórninni. Takk takk 19:03 slit.